

REGLUGERÐ

um meðhöndlun úrgangs.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, einkum mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts.

Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun úrgangs.

Um förgun úrgangs fer samkvæmt reglugerðum um urðun úrgangs og brennslu úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Reglugerðin gildir ekki um geislavirkan úrgang.

3. gr.

Skilgreiningar.

Atvinnurekstur: hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

Besta fánlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

Eftirlitsaðilar: viðkomandi heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Flokkunarmiðstöðvar: staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heilbrigðisstofnanir: stofnanir og starfsaðstaða sem lækna, tannlækna, dýralækna eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárum og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við stofnanir og starfsaðstöðu svo sem lækni- og líffræðilegar rannsóknastofur, elliheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fóttaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðgatanir og húðflúr.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Landbúnaðarúrgangur: úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, heyrúlluplast og dýrahæ.

Lífrænn úrgangur (lífrjótanlegur úrgangur): úrgangur lífrjótanlegur sem er niðurbjótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis garðaúrgangur, t.d. matarleifar, garðaúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír matar- og pappíeldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veislubjónustufyrirtækjum og seyra smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Meðferð úrgangs: meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.

Meðhöndlun úrgangs (sorphirða): söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur

verið lokað.

Böggun: þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurnotkun (reuse): endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.

Endurvinnsla (recycling): endurframleiðsla úr úrgangi til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

Förgun: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega s.s. urðun og brennsla úrgangs.

Pökkun: þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almenninga, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Mengunarvarnaeftirlit: eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Þaðan fer úrgangur til nýtingar eða förgunar. Undir móttökustöðvar falla flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun annar en heimilisúrgangur.

Ruslabíður: ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang.

Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum: úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem hefur í för með sér meiri sýkingarhættu og hættu á meiðslum en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir: sóttmengaður úrgangur, líkamsleifar, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur, spilliefni, geislavirk efni og frumubreytandi efni sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

Sorpgeymsla: aðstaða í eða við fasteign, fyrirtæki eða stofnun þar sem úrgangi er safnað áður en hann er fluttur til söfnunarstöðva eða móttökustöðva.

Sorpilát: ílát til að safna úrgangi, s.s. tunnur og gámar af ýmsum stærðum.

Smitandi: efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eiturefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

Sóttmengaður úrgangur: úrgangur frá heilbrigðisstofnunum sem er smitandi samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annar úrgangur sem er smitandi.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista sem spilliefni í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

Umhverfi: samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaðir: staðir þar sem tekið er við úrgangi til urðunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaðir þar sem framleiðandi úrgangs fargar eigin úrgangi á framleiðslustað og varanlegir staðir, þ.e. þar sem úrgangur er geymdur lengur en eitt ár áður en honum er fargað, eða þrjú ár áður endurnýting hefst.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og er skráður á lista í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Úrgangshafi: framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og siendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI Stjórnvöld o.fl.

4. gr.

Framkvæmd.

Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar og meðhöndlun spilliefna og hefur eftirlit með því að starfsleyfishafi fari að ákvæðum þess.

Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðferð á úrgangi sem fjallað er um í III. kafla reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður, annarri en fjallað er um í 3. mgr., og hefur eftirlit með þeirri starfsemi, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Um eftirlit með þeirri starfsemi fer samkvæmt reglugerð um mengunarvarnaeftirlit.

5. gr.

Landsáætlun. Stefna um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun Ráðherra skal, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs, gefa gefur út almenna áætlun stefnu um meðhöndlun úrgangs til minnst tólf ára í senn um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Í stefnunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu, hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs og stefnu til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun.

Umhverfisstofnun vinnur tillögu að stefnu um meðhöndlun úrgangs og úrgangsforvarnir, sbr. 6. gr., og leggur fyrir ráðherra. Umhverfisstofnun skal við gerð tillögunnar hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, hlutaðeigandi haghafa og fleiri aðila eftir því sem við á. Ráðherra skal auglýsa drög að stefnu í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við þau. Ráðherra gefur stefnu út að loknu umsagnarferli og skal hún m.a. vera aðgengileg almenningi. Byggja Ráðherra skal á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum a.m.k. Áætlunin sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða stefnuna. Í þeim tilvikum þegar stefna þarfnast endurskoðunar skal hún unnin í samræmi við þessa grein. Ráðherra er þó heimilt að uppfæra stefnu án þess að auglýsa slíkar uppfærslur sérstaklega.

6. gr.

Stefna um úrgangsforvarnir.

Ráðherra gefur út almenna stefnu um úrgangsforvarnir til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Stefnan skal taka mið af lögum um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og hafa það að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Í landsáætlun stefnunni skulu m.a. koma fram markmið um úrgangsforvarnir, lýsing á þeim ráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi til að minnka úrgang og mat á gagnsemi tiltekinna ráðstafana.

Stefna um úrgangsforvarnir skal tilgreina innihalda stefnu mælikvarða stjórnvalda til að unnt sé að meta framgang ráðstafana og aðgerða sem fjallað er um í úrgangsmálum. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti stefnunni.

Í áætluninni skal eftirfarandi a.m.k. II. koma viðauka fram: er

- b. ~~yfirlit yfir magn, tegundir, uppruna og ráðstöfun úrgangs,~~
- c. ~~umfjöllun fjallað um endurnýtingu dæmi og um endurvinnslu úrgangs,~~
- d. ~~möguleikar á teknilegum útfærslum á förgun úrgangs,~~

~~Í landsáætlun ber sérstaklega að gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann lífræna heimilisúrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.~~

~~Í landsáætlun skal einnig gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.~~

~~Þá ber í landsáætlun að gera grein fyrir leiðum ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og hvernig umbúðir eru endurnotaðar. Gera skal grein fyrir því hvernig minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðarúrgangs er endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðafna í umbúðarúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðafnis fyrir sig.~~

~~Ennfremur ber í landsáætlun að gera grein fyrir endurnotkun og endurnýtingu úr sér genginna ökutækja. Gera skal grein fyrir því hvernig eigi síðar en 1. janúar 2006 að endurnotkun og endurvinnsla sé að lágmarki 85% og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki vera 95% og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.~~

~~Loks ber í landsáætlun sérstaklega að gera grein fyrir söfnun og meðhöndlun á raf- og rafceindatækjaúrgangi. Stefnt skal að því að að jafnaði verði safnað 4 kílóum á hvern íbúa á ári af slíkum úrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt úrgangs.~~

67. gr.

Skyldur sveitarstjórna.

Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpílata og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum á viðkomandi svæðum.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpíláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott.

Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rofþróum og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 4. mgr. 18. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa.

Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát í nánd við sumarhúsahverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpíláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpílátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpílátum, m.t.t. tegundar úrgangs.

78. gr.

Ferðamannastaðir o.fl.

Sveitarstjórn og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falið öðrum rekstraraðila.

89. gr.

~~Áætlanir Svæðisáætlanir sveitarfélaga~~ **sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.**

Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta ~~áætlun~~ **svæðisáætlun** um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til ~~minnst~~ **tólf** ára í senn og skal sú áætlun ~~byggjast~~ **fylgja á** stefnu ~~markmiðum~~ **um landsáætlunar** meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Áætlunin skal taka mið af lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir. Við gerð áætlunarinnar skal sveitarstjórn auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Sveitarstjórn skal að því loknu staðfesta áætlunina og skal hún vera aðgengileg almenningi. Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Í þeim tilvikum þegar áætlunin þarfnað endurskoðunar skal hún unnin í samræmi við þessa grein. Sveitarstjórn er þó heimilt að uppfæra áætlunina án þess að auglýsa slíkar uppfærslur sérstaklega.

Eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem áætlunin tekur til skal a.m.k. koma fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs:

- yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni,
- gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs og stórar förgunar- og endurnýtingarstöðvar, þ.m.t. sérstakt fyrirkomulag vegna olíuúrgangs, spilliefna eða strauma úrgangs sem fjallað er um í lögum og reglugerðum,
- mat á þörfinni fyrir ný söfnunarkerfi, lokun starfandi móttökustöðva og, ef nauðsyn krefur, fjárfestingar í tengslum við þetta,
- upplýsingar um hvar hagkvæmast er að hafa förgunar- og endurnýtingarstöðvar í framtíðinni, sé þörf á þeim,
- almenn stefna varðandi úrgangsstjórnun, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til úrgangsstjórnunar, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun.

Með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs skipulagssvæðisins geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs tekið til eftirfarandi:

- skipulagsþátta, sem tengjast úrgangsstjórnun, þ.m.t. lýsing á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með úrgangsstjórnun,
- mat á gagnsemi og heppileika þess að nota efnahagsleg stjórnþætti og önnur stjórnþætti til að takast á við ýmis vandamál er varða úrgang,
- beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda,

h. aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal gera grein fyrir með leiðum hvaða til hætti sveitarfélagið hyggst að ná þeim markmiðum landsáætlunar að þ.m.t. lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995.

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal einnig gera grein fyrir leiðum til að draga ná úr þeim myndun markmiðum úrgangs að annar lífrænn úrgangur, endurnota svo eða sem endurnýta lífrænn úrgang rekstrarúrgangur, förgunarleiðum sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í áætluninni 35% vera af yfirlit heildarmagni yfir þess hentug svæði þar úrgangs sem úrgangi féll kann til að árið verða fargað. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti 1995.

910. gr.

Samþykktir.

Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum um meðhöndlun úrgangs, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er m.a. heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpiláta og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer samkvæmt skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1011. gr.

Gjaldtaka.

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað.

Sveitarfélögum Sveitarfélög er heimilt að skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. og Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar þessarar, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Heimilt er að miða gjaldið við magns úrgangs, gerð hans, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpiláta og eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum reglugerðar þessarar.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

III. KAFLI

Meðhöndlun úrgangs.

1112. gr.

Meginreglur.

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.

Meðferð úrgangsskal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, enda sé í leyfinu kveðið á um að brennslutími miðist við tilefnið og að efni og magn sem fari í brennuna sé tilgreint.

Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Úrgangshafa er óheimilt að þynna eða blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs.

12 13. gr.

Forgangsröðun: Forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Ávallt Við skal meðhöndlun leita úrgangs leiða og til setningu að reglna endurnota um eða stjórnun endurnýta og úrgang. Þann hluta sem úrgangshafi nýtir ekki sjálfur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.

Lausnir stefnu í úrgangsmálum skulu taka mið af umhverfislegum og efnahagslegum forsendum og skal nota til þess bestu fánalegu tækni. Tæknilegar lausnir skulu taka mið af eftirfarandi forgangsröðun að lögð svo til miklu leyti sem slíkt er mögulegt grundvallar:

- Að dregið verði úr myndun úrgangs: úrgangsforvarnir,
- Endurnotkun, undirbúningur fyrir endurnotkun,
- Endurnýting: endurvinnsla,
- Endanleg önnur endurnýting, t.d. orkuvinnsla, og
- förgun.

Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangsefna, a.m.k. pappírs, málma, plasts og glers frá heimilum og hugsanlega frá öðrum upprunastöðum ef þeir straumar úrgangs líkjast úrgangi frá heimilum, skal að lágmarki aukast í heild upp í 50% miðað við þyngd eigi síðar en 2020.

Undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu efniviðar, þ.m.t. við fyllingar þar sem úrgangur er notaður í stað annars efniviðar, í tengslum við almennan úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, annan en náttúrulegan efnivið, skal aukast að lágmarki upp í 70% miðað við þyngd eigi síðar en 2020.

Komið skal í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og endurnota skal umbúðir. Endurnýta skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig.

Endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginna ökutækja skal eigi síðar en 1. janúar 2006 vera að lágmarki 85% og á sama tíma skal endurnotkun og endurvinnsla vera að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja vera að lágmarki 95% og á sama tíma skal endurnotkun og endurvinnsla vera að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.

Stefnt skal að því að árlega verði að jafnaði safnað 4 kílóum raf- og rafeindatækjaúrgangs á hvern íbúa, sem verði meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

13 14. gr.*Hreinsunarúrgangur.*

Hreinsunarúrgangur sem fellur til við hreinsun, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi. Þetta gildir einnig um úrgang frá landbúnaði nema reglugerð kveði á um annað. Taka skal mið af ákvæðum reglugerðar um seyru þegar seyra er nýtt til uppgræðslu, í landbúnaði eða til annarra nota.

14 15. gr.*Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum.*

Tryggja skal að allur úrgangur sem fellur til á heilbrigðisstofnunum sé meðhöndlaður á viðunandi hátt og að sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum blandist ekki við heimilisúrgang og annan úrgang. Til að koma í veg fyrir smit, eitranir, ofnæmi, óþol, eld, íkveikju- og sprengihættu, jónandi geislun og mengun umhverfis skal gæta ítrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Þeir sem hafa undir höndum sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum eða sjá um geymslu hans, þökkun og undirbúning á flutningi hans ber að tryggja að farið sé með þennan úrgang eins og kveðið er á um í viðauka. Stjórnendum heilbrigðisstofnana ber að tryggja að starfsfólk þeirra sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnum og/eða efni og hluti sem verða að slíkum úrgangi fái fræðslu um meðhöndlun þessa úrgangs og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi hann.

15 16. gr.*Smitandi úrgangur o.fl.*

Meðferð á sýktu heyi, dýrahæjum, smitandi sláturúrgangi og öðrum smitandi úrgangi en fjallað er um í 14. gr. skal vera á viðunandi hátt og þess gætt að hann blandist ekki við annan úrgang og valdi ekki smiti. Um meðferð á þessum úrgangi skal hafa samráð við heilbrigðisnefnd og viðkomandi héraðsdýralækni eftir því sem við á. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

16 17. gr.*Um almennan þrifnað utanhúss.*

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurniðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslaugar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. görðum og torgum.

17 18. gr.*Sorpílát.*

Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið.

Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu, gerð og þrif sorpíláta. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar.

Fasteignareigandi skal sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum.

~~18~~ 19. gr.

Skyldur rekstraraðila.

Úrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Úrgang skal geyma í hentugum og heilum sorpílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Óheimilt er að veita atvinnurekstri starfsleyfi nema fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi til þess að geyma úrgang.

Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá skulu sjá um flutning og bera kostnað vegna meðhöndlunar.

Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

20. gr.

Spilliefni frá heimilum.

Ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs um eftirlit með spilliefnum, merkingu, skráningu og bann við blöndun þeirra eiga ekki við um heimilisúrgang fyrr en hann hefur verið flokkaður og móttekin til söfnunar, förgunar eða endurnýtingar.

IV. KAFLI

Starfsleyfis skylda.

~~19~~ 21. gr.

Starfsleyfi.

Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skulu ákvæði starfsleyfis taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.

Til að vernda heilsu fólks skal við staðsetningu söfnunar- og flokkunarmiðstöðva fyrir úrgang taka mið af því að ekki hljóti af óþægindi fyrir íbúa og taka tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu- og sölustaði, heilbrigðisstofnanir og aðra dvalarstaði fólks.

22. gr.

Eftirlit og skoðanir.

Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi og eftirlit með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með atvinnurekstri sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar um meðhöndlun úrgangs að öðru leyti.

Starfsleyfishafar skv. 1. og 2. mgr. sæta eftirliti er varða söfnun og flutning úrgangs. Eftirlit skal ná til uppruna, eðlis, magns og áfangastaðar þess úrgangs sem safnað er og fluttur.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.~~20~~ 23. gr.*Aðgangur að upplýsingum.*

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

~~21~~ 24. gr.*Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

~~22~~ 25. gr.*Gjaldskrár.*

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

~~23~~ 26. gr.*Þvingunarúrræði.*

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun innheimtir skulu renna til ríkissjóðs en dagsektir sem heilbrigðisnefnd innheimtir til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.

Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

Til að knýja á um ráðstafanir gagnvart starfsleyfishafa samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit, sbr. ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

~~24~~ 27. gr.*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

25 28. gr.*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 13. og 22. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga.

Reglugerðin er jafnframt sett með hliðsjón af tölul. 27, 32d, 32db, 32e og 2aa XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, tilskipunum 1999/31/EB, 2000/53/EB og 2002/96 og ákvörðunum 94/3/EB, 96/350/EB, 94/741/EB) og með hliðsjón af 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 94/62/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og fellur reglugerð um úrgang, nr. 805/1999 úr gildi þar með.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisstofnun skal gefa út landsáætlun, sbr. 5. gr., fyrir 1. apríl 2004. Sveitarstjórnir skulu staðfesta fyrstu áætlun, sbr. 8. gr. innan eins árs frá þeim tíma.

~~Umhverfisráðuneytinu, 29. september 2003.~~

~~Siv Friðleifsdóttir.~~

~~Magnús Jóhannesson.~~

I. VIÐAUKI

Meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Meginflokkar úrgangs frá heilbrigðisstofnunum eru heimilisúrgangur (sorp) og sérstakur úrgangur. Meðhöndla þarf allan úrgang frá heilbrigðisstofnunum með varkárni og nákvæmni þar sem hann getur haft beina hættu í för með sér ekki síður fyrir fólk en umhverfi.

Flokka skal úrgang frá heilbrigðisstofnunum á upprunastað. Sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast og hann merktur og honum komið í geymslu í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Koma skal í veg fyrir að úrgangurinn verði fyrir hnjaski við flutning til förgunar og tryggja ber að honum verði eytt á viðurkenndan hátt, sbr. töflu. Halda skal kvittunum um móttöku til haga fyrir eftirlitsaðila.

Flokkar úrgangs.

Sérstakur úrgangur flokkast í eftirfarandi þætti:

1. Sóttmengaðan úrgang:

- Úrgangur frá sjúklingum, t.d. á einangrunardeild, sem haldnir eru hættulegum og smitandi sjúkdómum.
- Einnota áhöld sem menguð eru smitefni frá sýktum sjúklingi.
- Blóðsmitaður úrgangur, blóð, blóðþættir og blóðmengið einnota áhöld og hlutir.
- Umbúðir og sýni frá sýktum sárum.

2. Líkamshluta og vefi:

- Vefir eða líkamsleifar úr fólki og dýrum sem kemur t.d. frá skurðstofum, líkskurðstofum, rannsóknnum eða starfsemi dýralækna.

3. Hvassa hluti:

- Nálar og sprautur.
- Skurðhnífablöð.
- Rakblöð.
- Mjög brothætt gler.
- Annað sem getur hugsanlega skorið eða stungið.

4. Lyf.

5. Geislavirkan úrgang, skilgreindan samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins.

6. Önnur spilliefni.

Meðferð, þökkun úrgangs á upprunastað, flutningur og förgun.

Við frágang sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum skal gæta fyllsta öryggis við þökkun, geymslu og aðra meðferð.

1. Almennar reglur:

- Meðhöndla skal öll ílát fyllt sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum með varúð.
- Ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum skulu vera greinilega merkt, þannig að ekki leiki vafi á að þau innihaldi slíkan úrgang.
- Nota skal tvöfalda poka þegar þess er þörf.
- Óheimilt er að hella fljótandi efnum beint ofan í poka. Koma skal vökvum fyrir í vökvaheldum ílátum áður en þeir eru settir í poka.
- Binda skal tryggilega fyrir poka með þar til gerðum plastböndum.
- Óheimilt er að stafla pokum hverjum upp á annan og op pokanna skal alltaf snúa upp.
- Ekki má skilja þannig við pokana að þeir geti oltið út á hlið.

2. Umbúðir:

- Allar umbúðir skal merkja með flokksheitum, sbr. flokka sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum.
- Sóttmengaðan úrgang sem búið er að dauðhreinsa skal setja í plastpoka og hann merktur "dauðhreinsað".
- Sóttmengaðan úrgang sem ekki er búið að dauðhreinsa skal setja í gulan poka úr þykku plasti.
- Líkamshluta og vefi skal setja í poka úr þykku plasti og geyma í kæli eða frysti.
- Hvassa hluti skal setja í ílát úr þykku plasti með þéttu loki.
- Spilliefni skal setja í heil ílát, upprunáílát ef kostur er.

- Lyf skal setja í plastílát með þétu loki og í upprunalegum umbúðum
- Geislavirkan úrgang skal pakka samkvæmt fyrirmælum Geislavarna ríkisins.

3. Meðferð einstakra tegunda sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum:

- Dauðhreinsa skal smitnæm og hættumerkt sýni áður en þau eru flutt frá viðkomandi stofnun. Þó er heimilt, þegar aðstæður leyfa, að flytja sóttmengaðan úrgang frá heilbrigðisstofnunum án undangenginnar dauðhreinsunar þegar tryggt er að umbúnaður er tryggur og að sóttmengaði úrgangurinn er fluttur til förgunar í móttökustöð sem hefur stafsleyfi fyrir slíka förgun.
- Ganga skal fá öllu blóði og blóðmenguduðum hlutum á sama hátt hvort sem þeir koma frá einstaklingum í áhættuhópi eða ekki.
- Líkamshluta og vefi skal geyma í kældu rými. Þá má ekki geyma lengur við herbergishita en í fjóra tíma og ekki lengur en í þrjá sólarhringa í kælskáp. Djúpfrysta skal það sem geyma þarf í lengri tíma.
- Rotvarnarvökva skal farga sem spilliefni.
- Ílát undir hvassa hluti skal ekki fylla meira en nemur $\frac{3}{4}$ af rúmmáli þess. Úrgangnum skal komið til förgunar strax og skipt er um ílát.
- Um önnur spilliefni fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.
- Úrgangsflyfjum ber að safna í tilskilin ílát og merkja vel sem "úrelt/gölluð lyf" og tilgreina hvaða tegund er um að ræða. Halda skal tegundum aðskildum ef mögulegt er og skila til móttökustöðvar eða í lyfjaverslun.
- Geislavarnir ríkisins gefa upplýsingar um meðferð á geislavirkum úrgangi.

4. Flutningur:

- Einungis aðilar sem hafa stafsleyfi frá heilbrigðisnefnd mega annast flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum á förgunarstað. Úrgangur skal undirbúinn og fluttur til förgunar í samræmi við eftirfarandi:
- Sóttmengaður úrgangur skal dauðhreinsaður á viðkomandi stofnun eða fluttur með viðurkenndum aðila til móttökustöðvar. Að fengnu leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar má flytja sóttmengaðan úrgang til brennslu í móttökustöð án undangenginnar dauðhreinsunar. Óheimilt er að flytja sóttmengaðan úrgang án undangenginnar dauðhreinsunar til urðunar í móttökustöð.
- Um flutning á geislavirkum úrgangi fer samkvæmt ákvæðum Geislavarna ríkisins og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.
- Annar úrgangur skal fluttur til móttökustöðvar.

5. Förgun:

- Brennsla, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um brennslu úrgangs.
- Urðun, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs, eftir efnameðferð eða hitameðferð (vothitameðferð, þurrhitameðferð eða örbylgjumeðferð).

Tafla.

Mismunandi aðferðir við meðhöndlun á úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir helstu aðferðir til að gera sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum óskaðlegan og farga honum endanlega með öruggum hætti.

	Aðferð	Sótt- meng. úrg.	Líkams- hlutar	Stungu- áhöld	Lyf	Frumu- drepani efni	Efna- úrgangur
BRENNSLA	Meðbrennsla í iðnaðarofni, t.d. í sementsframleiðslu	Já	Já	Já	Já	Já	Já
	Úrgangsbrennsluofn	Já	Já	Já	Já	Já	Já
EFNAMEÐFERÐ	Efnameðferð	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
HITAMEÐFERÐ	Vothitameðferð (dauðhreinsun með raka)	Já	Í sumum gerðum tækja	Já	Nei	Nei	Nei
	Örbylgju-meðferð	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei

URÐUN	Einangrun /pökkun (encapsulation)	Nei	Nei	Já	Já	Í litlu mæli	Í litlu mæli
	Urðun á viðurkenndum stað	Já	Já	Já	Já	Já	Já

II. VIÐAUKI

Dæmi um ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á rammaskilyrðin sem tengjast myndun úrgangs.

1. Ráðstafanir vegna áætlanagerðar eða önnur efnahagsleg stjórnþæki sem stuðla að skilvirkri notkun á auðlindum.
2. Efling rannsókna og þróunarstarfsemi sem stuðla að því að fá fram vörur sem eru hreinni og skapa minni úrgang og miðlun á niðurstöðum slíkra rannsókna og þróunarstarfsemi og hagnýting niðurstaðna.
3. Þróun á skilvirkum og markvissum vísam fyrir álag á umhverfið, sem tengjast myndun úrgangs og sem ætlað er að stuðla að forvörnum gegn myndun hans á öllum stigum, allt frá samanburði á vörum á vegum Evrópusambandsins, að frumkvæði sveitarfélaga til ráðstafana á vegum ríkisins.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á hönnun og á framleiðslu- og dreifingarfasann.

4. Efling vishönnunar (kerfisbundin samþætting umhverfispáttá inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru á öllum vistferli hennar).
5. Veiting upplýsinga um tækni til að koma í veg fyrir myndun úrgangs með það í huga að stuðla að notkun bestu, fánlegu tækni í iðnaði.
6. Skipulagning á þjálfun lögbærra yfirvalda að því er varðar innleiðingu krafna um forvarnir gegn myndun úrgangs í starfsleyfum samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.
7. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir framleiðslu úrgangs á stöðvum sem falla ekki undir I. viðauka við reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Slíkar ráðstafanir gætu, eftir því sem við á, falist í mati á forvörnum gegn myndun úrgangs eða áætlunum þar að lútandi.
8. Herferðir til vitundarvakningar eða það að veita fyrirtækjum fjárhagslegan stuðning, stuðning við ákvarðanatöku eða annan stuðning. Líklegt er að slíkar ráðstafanir verði sérlega skilvirkar ef þær beinast að og eru lagaðar að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í gegnum viðskiptanet sem þegar eru fyrir hendi.
9. Frjálsir samningar, umræðuhópar neytenda/framleiðenda eða samningaviðræður innan geiranna í því skyni að viðkomandi fyrirtæki eða iðnaðargeirar geri sínar eigin áætlanir eða setji markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs eða geri úrbætur varðandi vörur eða umbúðir sem hafa í för með sér myndun mikils úrgangs.
10. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfisstjórnunarkerfi, þ.m.t. umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins og ISO 14001.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á neyslu- og notkunarfásann.

11. Efnahagsleg stjórnþæki, s.s. ívilnanir vegna umhverfissvænna innkaupa eða innleiðing á skyldugreiðslum neytenda fyrir tiltekinn hlut eða hluta af umbúðum sem annars fengist endurgjaldslaust.
12. Herferðir til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda.
13. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfismerkjum.
14. Samningar við iðngreinar, s.s. um að koma á umræðuhópum um vörur, t.d. þeirra sem fara fram innan rammans um samþætta vörustefnu, eða við smásala um aðgengi að upplýsingum um forvarnir gegn myndun úrgangs og um vörur sem hafa minni umhverfisáhrif.
15. Samþætting umhverfisviðmiðana og viðmiðana um forvarnir gegn myndun úrgangs við útboð og samninga, bæði í tengslum við opinber innkaup og innkaup fyrirtækja, í samræmi við handbókina um umhverfissvæn, opinber innkaup sem framkvæmdastjórnin gaf út 29. október 2004.
16. Það að stuðla að endurnotkun og/eða viðgerðum á viðeigandi vörum, sem hefur verið fleygt, eða á efnispáttum þeirra, sérstaklega með menntunartengdum eða efnahagslegum ráðstöfunum eða ráðstöfunum er varða aðdrætti eða öðrum ráðstöfunum á borð við stuðning við eða stofnun viðgerðar- og endurnotkunarmiðstöðva, einkum á þéttbýlum svæðum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.